

Starfshópur um eflingu Hólaskóla

[Forsætisráðherra](#) hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um tilfærslu verkefna innan [Stjórnarráðs Íslands](#). Í því er meðal annars kveðið á um breytingar á lögum um búnaðarfræðslu sem fela í sér að stjórnvaldslegt forræði gagnvart [Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri](#) og [Hólaskóla](#) færist frá [landbúnaðarráðuneyti](#) til [menntamálaráðuneytis](#).

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 4. desember síðastliðinn tillögu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur [menntamálaráðherra](#) um að skipa starfshóp til að koma með tillögum um framtíð og skipan skólahlads á Hólum í Hjaltadal og málefni Hólastaðar.

Starfshópurinn skipa Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti, sem jafnframt er formaður hópsins, og alþingismennirnir Sigurður Kári Kristjánsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðbjartur Hannesson og Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Starfshópurinn skal setja fram tillögur er stuðla að frekari uppbyggingu og eflingu Hólaskóla, meðal annars með hljóðun af

þeirri endurskipulagningu háskólastigsins sem fram hefur farið á undanförunum árum og væntanlegu frumvarpi um ríkisháskóla. Málefni Hólaskóla hafa um aldalannt skeið verið samofin almennu staðarhaldi á Hólum í Hjaltadal. Í tillögum sínum skal starfshópurinn miða við að tryggilega verði haldið um málefni Hólastaðar og Hólur haldi reisin sinni og stöðu sem miðstöð mennta, menningar og kirkjulegra málefna.

„Ég bind miklar vonir við starf hópsins. Við Hólaskóla hefur verið unnið ágætt starf á sviðum sem lítt er sinnt af öðrum stofnunum á háskólastigi, svo sem á sviði ferðamála, hestamennsku og fiskeldis. Það er mikill áhugi fyrir því að nýta sérstöðu og sérhæfingu skólans hvað varðar greinar sem tengjast íslenska hestinum og hestaiþróttinni og einnig felast margvisleg tækifæri í stuðningi og þjónustu við ferðageirann, ekki síst í dreifbýli. Markmiðið er að efla Hólaskóla til framtíðar,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

Frumvarp til laga um leikskóla

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) hefur nú lagt fyrir á [Alþingi](#) fjögur frumvörp til nýrrar menntastefnu.

[Frumvarp til nýrra laga um leikskóla](#) er byggt á vinnu nefndar sem menntamálaráðherra skipaði í maí 2006. Um var að ræða heildarendurskoðun á lögum um leikskóla sem er einn liður í samkomulagi menntamálaráðherra og [Kennarasambands Íslands](#) um [10 skref til sóknar](#) í skólamálu. Eftir að nefndin lauk störfum var meðal annars unnið að samræmingu frumvarpsins við önnur menntafrumvörp innan menntamálaráðuneytis.

Meginmarkmið frumvarpsins er að móta löggjöf sem styrkir menntun og uppeldi í leikskólum með velferð allra barna að leiðarljósi. Frumvarpið endurspeglar viðurkenningu á leikskólastigi sem fyrsta skólastigi og er kappkostað að efla leikskólann á mörgum sviðum. Aukin áhersla er á sjálfstæði sveitarfélaga og einstakra leikskóla og aukna þátttöku foreldra í mótun leikskólastarfs. Við samningu frumvarpsins var þess sérstaklega gætt að það hefði samhljóm við löggjöf um önnur skólastig með það að markmiði að auka samfelli milli skólastiga, festa í sessi svigrúm til sveigjanleika milli og innan þeirra og að skólar mæti breytilegum þörfum ólíkra einstaklinga.

Helstu áhersluatriði frumvarpsins eru þessi:

- Áhersla er lögð á velferð barna og eru hagsmunir þeirra hafðir í fyrirrúmi.
- Réttindi og skyldur foreldra og barna eru skilgreindar með skýrum hætti, þar með talinn kæruréttur, réttur leikskólabarna til sérfræðipjónustu og upplýsingaskylda við foreldra.
- Leitast er við að koma til móts við breyttar aðstæður foreldra og barna vegna nýrra atvinnu- og þjóðfélagsáhrifa og vegna þess að samfélagið er í vaxandi mæli fjölþjóðlegt.
- Möguleikar foreldra á að hafa áhrif og taka þátt í starfsemi leikskóla eru auknir, meðal annars með stofnun foreldraráðs við hvern leikskóla.
- Mat á skólastarfi og upplýsingagjöf um starfsemi leikskóla er stórefld. Sett eru greinarbætri viðmið um mat og eftirlit með

gæðum leikskólastarfs og upplýsingamiðlun.

- Forræði sveitarfélaga og verkefnaskipting milli þeirra, ríkis og stjórnenda leikskóla eru skýrð. Lögbundið er að sveitarfélög setji sér almenna skólastefnu. Ákvæði um rekstrarleyfi leikskóla eru skýrð og samrekstur skóla heimilaður.
- Aukin áhersla á faglegt starf í leikskólum, þeir setji sér skólanámskrá og stofnaður er nýr sjóður til að styrkja þróunarverkefni.

Opnaður hefur verið vefurinn [nymenntastefna.is](#) þar sem meðal annars er hægt að nálgast frumvörpin, skoða svör við ýmsum álitamálum, fylgjast með umræðum um málið á [Alþingi](#) og senda inn fyrirspurnir um frumvörpin og þær breytingar sem þau fela í sér.



www.nymenntastefna.is/leikskolar

Í nefnd um heildarendurskoðun laga um leikskóla sátu: Valborg Þ. Snævarr, hæstaréttarlögmaður, formaður, Björg Bjarnadóttir og Marta Sigurðardóttir frá Kennarasambandi Íslands, Svandís Ingimundardóttir og Ingibjörg Einarsdóttir frá [Sambandi íslenskra sveitarfélaga](#) og Sjöfn Þórðardóttir frá [Heimili og skóla](#). Áheyrnarfulltrúi var Valgerður Eiríksdóttir frá [Félagi grunnskólakennara](#). Starfsmaður nefndarinnar var Sigríður Lára Ásbergsdóttir sérfræðingur í [menntamálaráðuneyti](#).

Skrímli og sjóræningjar fengu hæstu styrkina frá Menningarráði Vestfjarða

Fyrsta úthlutun [Menningarráðs Vestfjarða](#) fór fram við hátíðlega athöfn í Náttúrugripasafninu í Bolungarvík 8. desember. Starfsemi ráðsins byggir á [samningi](#) ríkis og sveitarfélaga um eflingu menningarstarfs á Vestfirðum sem undirritaður var í maí 2007. Þetta er í fyrsta

skipti sem styrkjum er úthlutað en við úthlutun var tekið mið af sérstökum úthlutunarreglum sem ráðið hafði samið.

Alls bárust 104 umsóknir um stuðning við afar fjölbreytt verkefni sem spanna allt litróf menningarstarfs á Vestfirðum, samtals að upphæð rúmar 72,5 milljónir kr. Að þessu sinni var úthlutað 20 milljónum króna til 52 verkefna. Hæstu styrkina hlutu félag áhugamanna um Skrímslasetur á Bildudal og Sjóræningjar ehf. á Patreksfirði að upphæð 1,5 milljón hvort um sig. [Kómédiuleikhúsið](#) fékk 1,3 milljónir, Annkatla 2008 eina milljón, [Menningar- miðstöðin Edinborg](#) á Ísafirði 750 þúsund ásamt [Strandagaldri](#). Tónlistarhátíðin [Við Djúpið](#), Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður, Vínahús Jóns úr Vör og Þúfa, minjagripir og handverk hlutu öll 700 þúsund krónur hver. Aðrir styrkir voru frá 600 þúsund krónum og niður í 50 þúsund krónur og var um að ræða fjölbreytt verkefni á öllum sviðum menningararlífsins - í leiklist, tónlist, til viðgerða á listaverkum, fornþilasafns, bátasafns, til náttúrufræðiverkefna, kvikmyndahátíða, listahátíða og sagnfræðirannsóknna, svo eitthvað sé nefnt.



Styrkþegar menningarráðs Vestfjarða

Fram kom að næsta úthlutun ráðsins á styrkjum er fyrirhuguð á vormanuðum og voru Vestfirðingar hvattir til að láta hugmyndaauði sína dafna áfram menningarlífinu til hagsbóta.

Leiðrétting vegna PISA 2006

Í síðasta [vefriti menntamálaráðuneytis](#) var fjallað um PISA 2006. Þar var meðal annars vísað til skýrslu [Námsmatsstofnunar](#) um niðurstöður könnunarinnar. Rétt er að benda á að í [skýrslunni](#) voru nokkrar missagnir, meðal annars um námsfni í stærðfræði, sem Námsmatsstofnun hefur nú [leiðréttað á vef sínum](#).

